

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. janúar 2013
Tilvísun: UST20130100140/bs

Stækkun hafnarinnar í Norðfirði - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar eru ýmsar framkvæmdir að mestu innan núverandi hafnarsvæðis. Þó verður raskað um 20.000 m² af óhreyfðum sjávarbotni næst núverandi hafnargarði. Lækjarfarvegi verður breytt, en lækurinn rennur nú um raskað svæði. Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við færslu lækjarins. Framkvæmdin mun hvorki hafa áhrif á friðlýst svæði né svæði á náttúruuminjaskrá. Efnistaka er áætluð um 22.000 m³ og verður efnið tekið úr námu E5 á aðalskipulagsupprætti. Efni úr aflögðum gördum og dýpkunarefni verður nýtt í ný hafnarmannvirki.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að leita þarf leyfis stofnunarinnar vegna varps dýpkunarefnis í hafið sbr. lög nr. 33/2004.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson

Deildarstjóri

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson